

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins fyrir árið 2003.

1. gr.

Eftirlitsgjöld vegna lögbundis eftirlits Geislavarna ríkisins fyrir árið 2003 verða sem hér segir:

	Kr.
1. <i>Röntgentæki.</i>	
a) Föst tæki – myndataka,.....	36.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild.....	12.000
b) Föst tæki - skygging.....	45.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild.....	15.000
c) Tölvusneiðmyndataeki	60.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild.....	36.000
d) Færanleg tæki - myndataka.....	30.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild.....	9.000
f) Færanleg tæki - skygging.....	36.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild.....	12.000
g) Tannröntgentæki	18.000
fyrir hvert tæki til viðbótar hjá sama aðila	7.500
h) Iðnaðarröntgentæki	30.000
fyrir hvert tæki til viðbótar hjá á sama aðila	15.000
j) Dýralækningaröntgentæki	30.000
fyrir hvert tæki til viðbótar hjá sama dýralækni	9.000
k) Öryggisröntgentæki	21.000
fyrir hvert tæki til viðbótar hjá sama aðila	9.000
l) Röntgentæki til efnarannsóknna.....	18.000
fyrir hvert tæki til viðbótar hjá sama aðila	6.000
2. <i>Geislalækningatæki</i>	42.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild.....	12.000
3. <i>Geislavirk efni,- opnar geislalindir</i>	
Rannsóknastofa í flokki A	48.000
Rannsóknastofa í flokki B	36.000
Rannsóknastofa í flokki C	24.000
4. <i>Geislavirk efni, – lokaðar geislalindir,</i>	
a) nifteindalindir	30.000
fyrir hverja lind til viðbótar hjá sama aðila	12.000
b) aðrar lokaðar geislalindir	24.000
fyrir hverja eins lind til viðbótar:	
4 eða færri til viðbótar á sama stað.....	7.500
fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað	6.000
5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks.</i>	
a) Filmumælingar, fyrir hverja filmu	485
b) TLD-mælingar, fyrir hverja flögu.....	1.250

2. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu eftirlitsgjalda. Eftirlitsgjöld önnur en vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks falla í gjalddaga við framkvæmd eftirlits.

Eftirlitsgjöld vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks á árinu 2002 falla í gjalddaga 1. september 2003.

3. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna athugasemda sem gerðar voru við reglubundið eftirlit skal greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

4. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

5. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 15.300. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.600.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga nr. 44/2002 um Geislavarnir ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. ágúst 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.